

Ráðstefna Rauðsokkahreyfingarinnar að Skógum undir Eyja-
fjöllum dagana 15. - 17. júní '74.

STEFNUYFIRLÝSING RAUÐSOKKAHREYFINGARINNAR

Barátta kvenna fyrir jafnrétti kynjanna verður ekki slit-
in úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóð-
félagslegum jöfnuði, né heldur verður sigur unninn í verka-
lýðsbaráttunni án virkrar þátttöku kvenna.

Í aðaldráttum er baráttan tvíþætt; annars vegar fyrir
breyttu þjóðfélagi gegn kúgunar- og afturhaldsöflum, sam-
fara tímabundnum umbótum í þjóðfélaginu, og hins vegar sú
uppbygging, sem snýr að konum sjálfum, vitundarvakning,
andspyrna gegn bælandi uppeldis- og umhverfisáhrifum og
aldagömlum fordómum og hefðum.

Undirokun kvenna er efnahagslegs og kynferðislegs eðlis.
Langvarandi bæling kvenna hefur fyrr og nú verið framkvæmd
vitandi vits í þeim tilgangi að hagnast á vinnuafli þeirra
innan heimilanna og á vinnumarkaðinum og að viðhalda kyn-
ferðislegri kúgun. Ríkjandi efnahagskerfi byggist að
miklu leyti á hreyfanlegu vinnuafli, sem grípa má til
eftir því hvort um er að ræða þenslu eða samdrátt í
atvinnulífinu. Ihlaupavinnuaflið er fyrst og fremst konur,
og konur eru meginþorri hinna lægst launuðu hvar sem er
í atvinnulífinu.

Þess vegna verður að heyja baráttu kvenna fyrir frelsi
og jafnrétti með vopnum stéttarbaráttu.

Samþykkt að Skógum 16.6.1974.

Ráðstefna Rauðsokkahreyfingarinnar að Skógum undir Eyja-
fjöllum dagana 15. - 17. júní sl. samþykkti eftirfarandi:

I.

Ráðstefna Rauðsokkahreyfingarinnar haldin að Skógum
15. - 17. júní gerir þá kröfu til menntamálaráðherra, að
hann sjái um, að bundinn verði endir á þau hættulegu
uppeldisáhrif, sem útsendingar Keflavíkursjónvarpsins
hafa í för með sér og því verði lokað þegar í stað.

II.

Ráðstefna Rauðsokkahreyfingarinnar haldin að Skógum
15. - 17. júní 1974 skorar á komandi Alþingi að sam-
þykkja frumvarp það óbreytt, er lagt var fyrir á sl.
þingi um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barn-
eignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

III.

Ráðstefna Rauðsokkahreyfingarinnar haldin að Skógum
dagana 15. - 17. júní 1974 krefst þess, að heilbrigðis-
og tryggingamálaráðherra beiti sér fyrir því, að allar
konur, sem eru launþegar, hafi jafnan rétt til fæðingar-
orlofs á launum í a.m.k. 3 mánuði.